

**140. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
13. janúar 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 1911022 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áf. - Asparskógar 19 og 21.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum við Asparskóga 12, 14, 16 og 18 frá 14. nóvember til og með 12. desember 2019. Engin athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

2. 1908198 - Deiliskipulag Skógarhverfi - áfangi 3A og rammaskipulag.

Farið yfir hugmyndir um framhald deiliskipulags í Skógarhverfi 3A og 3C og breytingar á deiliskipulagi við Garðalund því tengdu, ásamt breytingum á aðalskipulagi.

3. 1909037 - Suðurgata 107 - umsókn um byggingarleyfi

Sótt var um stækkun (viðbygging) á 2. hæð fjölbýlishússins við Suðurgötu 107, Akranesi. Stækkunin felst í því að byggja sólstofu yfir hluta af svöllum 2. hæðar. Heimilt nýtingarhlutfall er 0,5. Eftir stækkun verður nýtingarhlutfall lóðarinnar 0,48. Breytingin var grenndarkynnt á skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum að Suðurgötu 103, Sunnubraut 14, 16 og 18. Engar athugasemdir bárust, samþykki barst frá Sunnubraut 16.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4. 1912175 - Sunnubraut - einstefna

Undirskriftarlisti um að gera neðri hluta Sunnubrautar að einstefnugötu.

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisráð felur Jóni Ólafssyni verkefnastjóra að leita eftir umsögnum annarra íbúa á svæðinu í takt við umræður á fundinum.

5. 1912242 - Lögreglusamþykkt - sameiginleg samþykkt á Vesturlandi

Drög að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Vesturland.

Á fundi bæjarráðs frá 19. desember síðstliðinn vísaði ráðið drögunum til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.

RS
SFT

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi löggreglusamþykkt og vísar henni til bæjarráðs.

6. 1903262 - Fyrirspurn lóð undir N1 (Þjóðbraut 9, Þjóðbraut 11 og Dalbraut 14)

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.

7. 1910064 - Nýr leikskóli- Skógarhverfi

Útboðsgögn.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að hönnun leikskóla verði boðin út í gegnum rammasamning Ríkiskaupa. Við mat á tilboðum verði m.a. horft til verðs, reynslu og gæðakerfa hönnuða.

8. 2001077 - Öryggismyndavélakerfi - löggæslumyndavélar

Drög að samningi um löggæslumyndavélar á Akranesi.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi samning og felur Alfred Alfredsýni rekstrarstjóra frekari vinnslu málsins.

9. 2001076 - Lýsing við Aðrarodda - erindi Reiðveganefndar

Erindi reiðveganefndar á lýsingu í og við Aðrarodda.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt i erindið. Tryggt skal annarsvegar að lýsing sé sett þar sem reiðvegur er skilgreindur í samþykktu aðalskipulagi og hinsvegar að hægt sé að setja arma sithvorum megin á ljósastólpum m.t.t. þess að til hliðar við reiðstíg komi strandstígur.

10. 2001075 - Málmasöfnun á Vesturlandi

Erindi varðandi málmsöfnun á Akranesi.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið að því tilskyldu að aflað verði tilskilinna leyfa.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að hefja vinnu við endurskipulagningu svæðis við Gámu m.t.t. breytra áherslina í sorpmálum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

*Recunar Sæmundsson
 Guðrún Jón. Jóhannsdóttir
 Ólafur Ólafsson
 Þorsteinn Þorsteinsson
 Steinar Þórhallsdóttir
 Hafðis Sigurborgsdóttir.
 SÍS-Q.H.*